

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 118

11. maí 2022

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 11. maí 2022 kl. 8:30. Mætt:: Flosi Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Helena Guttormsdóttir boðaði forföll og boðaði varamann sinn sem er Álfheiður Marinósdóttir. Helgi Haukur Hauksson boðaði forföll og boðaði varamann sinn sem er Bergur Þorgeirsson.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerðir frá fundi nr. 117 og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Menntun fyrir störf framtíðar – staða mála

Skólameistari fór yfir stöðu mála er varðar mótun stefnu og náms í þróunarverkefninu *Menntun fyrir störf framtíðar*. Brautirnar eru í samþykktarferli hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Formlegt erindi hefur verið sent til mennta- og barnamálaráðuneytisins þar sem óskað er eftir að ráðuneytið styðji við þróunarverkefnið með fjárframlagi til næstu fjögurra ára.

Auglýst hefur verið staða umsjónarmanns Kviku, skapandi rýmis í skólanum. Þó svo stutt sé síðan að auglýsingin fór í birtingu hafa þegar borist umsóknir og þónokkrar fyrirspurnir. Það er jákvætt að finna svo mikinn áhuga fyrir verkefninu. Rætt hefur verið við Borgarbyggð um samstarf er varðar stöðugildið og er það mál í vinnslu.

Aðrir verkþættir eru í vinnslu, svo sem kynningarstarf í formi greinaskrifa í Skólaþræði. Sótt hefur verið um í ýmsa sjóði, bæði til námsefnisgerðar og styrkumsókn vegna Kviku.

Stjórn MB lýsir yfir ánægju með gang verkefnisins.

### 3. Þriggja mánaða uppgjör

Vegna óviðráðanlega aðstæðna var þriggja mánaða uppgjör ekki tilbúið fyrir þennan stjórnarfund. Skólameistari fór yfir helstu kostnaðarliði, sem eru vegna aukinna afleysinga, valáfanga (leiklist o.fl) o.s.frv.

Stjórn samþykkti að fresta yfirferð þriggja mánaða uppgjors til næsta stjórnarfundar.



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**

#### **4. Nemendagarðar MB**

Skólameistari greindi frá stöðu mála, Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð og Menntaskóli Borgarfjarðar í Borgarnesi hafa sameinast um að kanna möguleika á því að byggja fjölbýlishús í bænum fyrir eldra fólk og nemendur. Undirbúningur er kominn talsvert á veg, deiliskipulag er í auglýsingu og fyrirhugað er að hefja framkvæmdir á næsta ári ef áformin ganga eftir. Reikna má með að byggingatíminn verði um tvö ár. Húsið mun rísa á lóð nr. 63 við Borgarbraut, en einnig eru uppi hugmyndir hjá forsvarsfólki Brákarhlíðar um uppbyggingu á lóð nr. 67. Næstu skref eru að gera rekstraráætlun fyrir nemendagarða sem byggja á þessari hugmynd. Skólameistara falið að leita til utanaðkomandi aðila til þeirrar vinnu.

Framundan er aðalfundur nemendagarða MB. Rætt um fjölda stjórnarmanna í stjórninni og leggur stjórn MB til að aðilum í stjórn Nemendagarða sé fjölgað. Skólameistara falið að mæla með að aðilum í stjórn Nemendagarða sé fjölgað.

#### **5. Daglegur rekstur MB**

Skólameistari fórr yfir daglegan rekstur skólans.

Aðalfundur MB er áætlaður eftir kosningar og verður hann ekki haldinn fyrr en ný sveitarstjórn hefur tilnefnt fulltrúa í stjórn skólans.

Skólalok verða 23. maí. Innritunartímabil er farið af stað og lýkur í júní. Búið er við að fjöldi nýskráðra nemenda verði svipaður og undanfarin ár. Skólaslit og útskrift er 27. maí næstkomandi. Það sætir tíðindum að tíu ára stúdent mun flytja ávarp við athöfnina og eru það gleðileg tímamót.

Rætt um starfsmannamál við skólann og breytingar í þeim efnun, tímabundnar og ótímabundnar.

#### **6. Önnur mál**

Fyrirsjáanlegt er að þetta er síðasti fundur stjórnar samkvæmt starfstíma stjórnar í samþykktum skólans Skólameistari þakkar fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf og stjórn þakkar fyrir sig á sömu nótum.

Fleira var ekki gert, og fundi slitið klukkan 9:59.